

# Landsamband Æskulýðsfélaga Framkvæmdastjórnarfundur

## Landsambands æskulýðsfélaga

Haldin á skrifstou LÆF í Hinu Húsinu  
Mánudaginn 1. desember 2008  
Frá kl 18 til 19

**Mættir fundarmenn:** Davíð Örn Sveinbjörnsson, ritari (DÖS), Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður (JPS), Pálína Björk Matthíasdóttir, alþjóðafulltrúi (PBM) og Sindri Snær Einarsson, varaformaður (SSE). Framkvæmdstjóri, Hildur Tryggvadóttir Flóvens (HTF) sat fundinn.

**1. Fundur settur** kl 18:02 og fundargerð síðustu fundar lögð fram til samþykktar og fundargerðir samþykktar

### **2. Fjárlaganefnd og fjárlög 2009**

- *Svör þingmanna við bréfi sem sent var*

Fengum svar frá formanni fjárlaganefndar og öðrum þingmanni um að bréf LÆF hafi verið móttekin og þökkum fyrir. HTF hefur einnig sent bréf í bréfpósti til nefndarinnar.

JPS og PBM munu halda áfram að hafa samband við þingmenn og gefa HTF upplýsingar um þá þingmenn sem þau hafa samskipti við.

### **3. Þing unga fólksins**

- *Staða*

Svipuð staða og áður málið er í biðstöðu vegna mikilla anna hjá stjórnmalahreyfingunum. En skipulagning þingsins er í þeirra höndum.

### **4. Æskan á krepputímum**

- *Viðbrögð og verkefni LÆF*

Eðlilegt fyrir LÆF að fara að tillögu menntamálaráðherra um ástandið í þjóðfélaginu og áhrifin á æsku landsins.

Tillaga um að bjóða upp á sálrænt skyndihjálparnámskeið sem væri samstarfsverkefni LÆF og Rauða krossins fyrir leiðbeinendur í aðildarfélögum LÆF. Eðlilegt að námskeiðið væri frítt. → tillaga um að bjóða Þorgerði Katrínu að opna námskeiðið.

Tillagan samþykkt.

Hugmynd kemur fram um að kanna viðhorf ungs fólks til ástandsins og æskulýðsfélaganna. HTF ætlar að kanna nokkra möguleika á skoðunakönnunum og kostnaðinn við slíkt.

Einnig mun HTF kanna möguleika á stærra rannsóknarverkefni í sumar.

-Rætt betur á næsta fundi-

## 5. Skipulagning fulltrúaráðsfundar.

- Staða á verkefninu

HTF mun setja upp tillögu að dagskrá fulltrúaráðsfundar, í samráði við SSE. Fundurinn er settur á 15. janúar.

Hugmyndir uppi um að bjóða gestum á fulltrúaráðsfund. Mikilvægt er að mæting á fundinn verði góð.

## 6. Æskulýðssjóður

- Innsent bréf til að fá rökstuðning á höfnun

HTF hefur sent bréf með beiðni um rökstuðning til MMR.

## 7. Fundir með MMR

- Bréf sem sent var inn og óskað eftir fundi

HTF sendi bréf og óskaði eftir fundi með MMR. Beiðð er svara.

Stjórnin stefnir að því að hittast fyrir MMR fund.

## 8. Alþjóðamál

- Fréttir af nýliðnum atburðum

PBM fór til Stokkhólms í tengslum við *Et Norden* þar sem að eitt af verkefnum sem PBM kom heim með er að lista niður æskulýðsfélög sem vinna með innflytjendum. HTF mun hafa samband við Alþjóðahúsið og óska upplýsinga þáðan. PBM mun meta verkefnið og gefa stjórninni skýrslu um það síðar.

Töluvert var rætt um að Ísland eigi formennsku í NORDBUK á næsta ári. PBM fékk upplýsingar um hlutverk Íslands í formennsku nefndarinnar. Miklar áhyggjur voru hjá norðurlandþjóðunum vegna þess hve lítil áhersla er á æskulýðsmálum á Íslandi. PBM hefur falast eftir því að LÆF taki virkann þátt í formennsku hlutverki NORDBUK á næsta ári.

Nokkrir þátttakendur á fundinum voru tilbúin að styðja LÆF til þátttöku í NORDBUK.

- PBM og HTF munu vinna í NORDBUK málum áfram.

- PBM og HTF munu skrifa skýrslur um ferðir sínar.

European Youth Forum leitar að starfsmanni og HTF hefur kynnt þetta á heimasíðu LÆF og til aðildarfélaga LÆF. Þetta er launuð staða í hálf t. Ísland hefur hingað til ekki átt starfsmann og því er væri kjörið að fyrir Íslendinga að kynna sér málið og sækja um fyrir 19. desember.

## 9. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

- Bréf lögð fram – Engin bréf lögð fram-

## 10. Önnur mál

Enginn önnur mál.

## 11. Fundi slitið. 18:58